

Þjónustusamningur milli Langesbyggðar og Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, SSNE, varðandi Áfangastaðastofu Norðurlands

Áfangastaðastofa er svæðisbundin þjónustueining á vegum opinberra aðila og einkaaðila sem hefur það meginhlutverk að styðja við ferðaþjónustu í viðkomandi landshluta og tryggja að hún þróist í takt við vilja heimamanna þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi. Áfangastaðastofa er samstarfsvettvangur viðkomandi sveitarfélaga, ríkis og atvinnugreinarinnar á því svæði.

Markmið samningsins er að efla stoðkerfi ferðaþjónustunnar og stuðla að jákvæðum framgangi ferðaþjónustu á starfssvæði áfangastaðastofunnar. SSNE og Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, SSNV, munu standa sameiginlega að rekstri áfangastaðastofu sem nær yfir starfssvæði landshlutasamtakanna tveggja árin 2025, 2026 og 2027. Landshlutasamtökin semja við Markaðsstofu Norðurlands, MN, um að taka við þeim skuldbindingum sem þau undirgangast samkvæmt samningi við Ferðamálastofu um rekstur Áfangastaðastofu Norðurlands dags. 19. desember 2024. Samningur SSNE/SSNV við Ferðamálastofu gildir til 31. desember 2027 og hefur þessi samningur því sama gildistíma.

Á meðal hlutverka áfangastaðastofu eru eftirfarandi verkefni sem áfangastaðastofan sinnir í samstarfi og samráði við aðra aðila sem um sömu málaflokka hafa að gera:

- a. Gerð og framkvæmd áfangastaðáætlana ásamt tengingu við aðrar opinberar stefnur og áætlanir.
- b. Stuðla að vöruþróun og nýsköpun auk þess að vinna að þróunarverkefnum.
- c. Aðkoma að gerð stefnumótunar og áætlana á landsvísu sem snertir ferðaþjónustu.
- d. Aðkoma að þarfagreiningu rannsókna og mælinga á landsvísu til að tryggja samanburðarhæfni milli svæða auk þess að koma með tillögur og innsýn inn í rannsóknarþörf hvers landshluta.
- e. Leggja mat á fræðsluþörf, hafa aðkomu að þróunarverkefnum er varða hæfni og gæði í ferðaþjónustu, veita ráðgjöf varðandi fræðslu og miðla upplýsingum um hvað er í boði.
- f. Sinna svæðisbundinni markaðssetningu í samstarfi við sveitarfélög og ferðaþjónustuaðila sem dregur fram sérstöðu landshlutanna og styður við markaðssetningu Íslands í heild. (Framlag Ferðamálastofu er ekki ætlað til markaðsmála erlendis í einu eða öðru formi).
- g. Vera grunneining í stoðkerfi ferðamála í landshlutunum. Áfangastaðastofur liðsinna sveitarfélögum, fyrirtækjum og einstaklingum innan svæðis vegna ferðaþjónustu samkvæmt samstarfssamningum.
- h. Vinni með öðrum áfangastaðastofum og Ferðamálastofu að sameiginlegum verkefnum og þróunar á starfsháttum áfangastaðastofa.

**Langanesbyggð kt.: 420369-1749, sem verkkaupi og SSNE kt.: 561192-2199, sem verksali,
gera með sér svohljóðandi þjónustusamning:**

1. Markaðsstofa Norðurlands (MN) starfar sem Áfangastaðastofa Norðurlands í umboði SSNE og SSNV. Hlutverk og markmið áfangastaðastofu eru skilgreind í samningi SSNE og SSNV við Ferðamálastofu dags. 19. desember 2024 sem gildir til 31. desember 2027, sjá viðauka I.
2. Nánar er kveðið er á um hlutverk og skyldur MN í hlutverki áfangastaðastofu Norðurlands í samningi á milli SSNE og MN dags. 5. Febrúar 2024, sjá viðauka II. Stjórn SSNE tilnefnir stjórnarmann í stjórn MN til tveggja ára auk varamanns, sbr. 2. gr. samningsins.
3. Gjald fyrir þjónustu áfangastaðastofu miðast við íbúafjölda sveitarfélags og er kr. 500,- pr. íbúa og miðast upphæð greiðslu við íbúafjölda 1. desember árið á undan. SSNE innheimtir gjaldið og greiðir það til áfangastaðastofu fyrir þjónustu sem hún veitir, sbr. tilvitnaða samninga.
4. Árgjaldi sveitarfélaga verður skipt í tvær jafnar greiðslur sem greiðast samkvæmt reikningi.
5. Samningur þessi gildir frá 1. janúar 2025 og rennur út 31. desember 2027.

Akureyri, maí 2025

F.h. Langanesbyggðar

F.h. SSNE
